



Reykjavík, 10. ágúst 2023

Drafnarfell 2-4 – fyrirspurn – USK23070073

Breiðholt III, Fell – Fyrirspurn vegna notkunar á grænu opnu svæði fyrir leikskóla.

Lögð fram fyrirspurn Erlu Sólveigar Einarsdóttur, dags. 5. júlí 2023, ásamt minnisblaði Mannvits, dags. 22. júní 2023, um stækkun leikskólans Vinaminnis að Asparfelli 10 sem felst í opnun leikskóladeilda að Drafnarfelli 2-4. Fyrirhugað er að opna tvær deildir þar sem reiknað er með 30-40 leikskólabörnum og starfsfólki. Gera þarf minniháttar breytingar á vesturhlið hússins sem miðar að því að bæta við nýjum aðalinngangi og tryggja aðgengi út á mögulegt nýtt leiksvæði utan við bygginguna, samkvæmt uppdráttum Mannvits, dags. 7. júlí 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu eru Drafnarfell 24 skilgreint sem verslun og þjónusta.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 02.12.2021

Umsögn

Í breytingunni sem lögð er fram er óskað eftir afstöðu skipulagsfulltrúa vegna fyrirspunar Erlu Sólveigar Einarsdóttur, dags. 5. júlí 2023, ásamt minnisblaði Mannvits, dags. 22. júní 2023, vegna stækkunar leikskólans Vinaminnis staðsettan að Asparfelli 10.

Breytingin felst í því að opna tvær leikskóladeildir að Drafnarfelli 2-4 með 30-40 leikskólabörnum ásamt starfsfólki.

Útlitsleg breyting felst í því að bæta við nýjum aðalinngangi að vesturhlið hússins ásamt því að byggja skyggni yfir inngang sem nær yfir lóðarmörk.

Einnig er beðið um afstöðu skipulagsins til þess að nýta grænt opið svæði vestan megin við Drafnarfell 2-4 og tryggja þannig aðgengi út á leiksvæði upp við bygginguna, sjá uppdrætti Mannvits, dags. 7. júlí 2023.

Svæðið sem um ræðir er á opnu svæði vestan megin Drafnarfells 2-4 kvöð um gönguleið liggur um umrætt svæði.

Með Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og með uppfærðri útgáfu aðalskipulags til 2040 er skýrar en áður kveðið á um mikilvægi opinna svæða innan borgarmarkanna sem hafa útivistargildi og náttúru með verndargildi.

- Afmörkun svæðisins sem leikskólalóð, mun skerða opið svæði og hafa áhrif á gönguflæði innan hverfissins.
- Ekki er heimilt að byggja skyggni á borgarlandi en samkvæmt teikningum nær skyggni yfir nýjum inngangi, út fyrir lóðarmörk.
- Við Völvufell er fyrirhugað að gera nýjan leikskóla á næstu árum, bent er á að við uppbyggingu á því svæði mun óhjákvæmilega fylgja rask af vinnuvélum á byggingartímabilinu og þykir því þessi staðsetning ekki góð með leikskóla í huga.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Laufey Björg Sigurðardóttir, arkitekt